



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Höfn Hornafirði 12. desember 2012 kl. 10.30

Af stjórn eru mætt, Davíð framkvæmdarstjóri, Steingerður, Sigrún Kapítóla, Ásbjörn, Anna og Sigurdís sem ritar fundargerð.

Áætlun fyrir árið 2013

Fjárhagsáætlun.

Davíð fór yfir fjárhagsáætlun 2013.

Davíð vonast eftir að ná samningum við þau sveitarfélög sem ekki eru nú þegar í Markaðsstofunni. Margir nýjir aðilar komu inn á síðasta ári og fáir sem hafa farið út. Með nýjum fyrirtækjum og nýju sveitarfélagi má reikna með að tekjur geti aukist um 1 mkr. Reiknað er með óbreyttu framlagi frá ríkjunu. Davíð telur að MSS sé búin að ná nokkurskonar jafnvægi. Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun 2013.

Starfsáætlun

Davíð fór yfir starfsáætlun 2013.

Áframhaldandi vinna við Suðurlandsvefinn south.is. Einnig með vefinn winterwonderland.is. Sá vefur hefur verið að vekja athygli og eru margir hrifnir af honum. Davíð með topp fólk með sér í að skrifa á hann og halda honum gangandi. Skiptir miklu máli að vera með fólk með sér sem þekkir ferðabransann og landbyggðina. Sá vefur er einnig tengdur samfélagsvefunum blogg, twitter og facebook.

Bæklingar

Nýr bæklingur gefinn út í haust fyrir Vest Norden sýninguna. Fleiri aðilar hafa bæst við síðan síðast en einng örfáir dottið út.

Davíð geymdi bæklinginn sem hann gaf út í sep 2011 hjá Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði. Það gat komið sér vel en Upplýsingamiðstöðin aðstoðar MSS við að dreifa bæklingunum.

Ráðning starfsmanns

María Þorsteinsdóttir sem starfað hefur hjáMss hefur sagt upp störfum og nýr starfsmaður hefur verið ráðinn á skrifstofu Markaðsstofuna í 50% stöðu. Hún heitir Ragnildur Sveinbjarnardóttir og vinnur einnig í 50% stöðu hjá Katla geopark. Starfsstaða er í Sandvíkurskóla.

Sýningar

Davíð fór yfir helstu sýningar sem framundan eru víðsvegar um heiminn. Hann hefur áhuga á að fara á sýningu í St. Pétursborg og bjóða svo Rússneskum agentum á suðurlandið í kynnisferð.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín 2013. Fara á sýningu sem er þar og vera með sunnlenskum aðilum sem verða á básum þar og eru aðilar að MSS. Kynna suðurlandið og Landsmót hestamanna sem verður haldið á Hellu 2014. Sleppa á móti öðrum sýningum sem hann hefur verið að fara á.

Heimasíða

Vinna við www.winterwonderland.is . Áframhaldandi vinna við þessa nýju síðu. South vefinn þarf að taka í gegn og jafnvel breyta. Sala á tenglum innan síðu www.winterwonderland.is Hugmynd að

reyna selja auglýsinar og linka inná síðuna og fá þannig tekjur inn þannig að síðan beri sig sjálf.
Herferð í gangi að byðja fólk að setja instagram á síðuna. Davíð heufr látið útbúa miða sem
ferðapjónustuaðilar geta fengið til að hafa hjá sér þar sem ferðamaðurinn er minntur á að instagram á
vefinn, hvar hann er staddur, hvað er hann að gera eða hvað er hann að skoða og s.frv.